

**HEILBRIGÐISNEFND**  
**HAFNARFJARÐAR- OG KÓPAVOGSSVÆÐIS**  
**159. fundur – 28. febrúar 2011**

**Fundargerð**

Fundur var haldinn í heilbrigðisnefnd Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis, mánudaginn 28. febrúar 2011. Fundarstaður, skrifstofa heilbrigðiseftirlitsins að Garðatorgi 7, Garðabæ. Fundurinn hófst kl. 17.15. Mættir voru undirritaðir nefndarmenn auk Páls Stefánssonar, heilbrigðisfulltrúa og Guðmundar H. Einarssonar, framkvæmdastjóra, sem ritaði fundargerð.

Fundargerð 158. fundar heilbrigðisnefndar frá 31. janúar 2011 lögð fram.

**1 Fundargerð 137. starfsmannafundar frá 23. febrúar 2011**

**1.1 Starfsleyfi**

**1.1.1 Melás 5, Garðabæ – daggæsla**

Lögð fram umsókn Huldu Hrannar Jónsdóttur kt. 110465-4409, f.h. Krílakots, dags. 11.02.2011, þar sem sótt er um leyfi fyrir daggæslu fyrir >6 börn að Melási 5, Garðabæ.

Húshluti: neðri hæð. Endurnýjun.

Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerða er mælt með samþykkt starfsleyfis til 12 ára fyrir allt að 10 börn í daggæslu.

**1.1.2 Norðurhraun 1, Garðabæ – múrvöruframleiðsla**

Lögð fram að nýju umsókn Hólmsteins Hólmsteinssonar f.h. BM Vallá ehf., kt. 450510-0680, dags. 3.12.2010, þar sem sótt er um leyfi fyrir múrvöruframleiðslu að Norðurhrauni 1, Garðabæ. Húshluti: allt húsið. Eigendaskipti.

Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerða er mælt með frestun þar sem unnið er að úrbótum.

**Hafnarfjörður**

**1.1.3 Ásvellir 1B, Hafnarfjörður – bensín og olía, sjálfsafgreiðslustöð**

Lögð fram umsókn Helga Kristjánssonar f.h. N1 hf., kt. 540206-2010, dags. 26.01.2011, þar sem sótt er um leyfi til reksturs sjálfsafgreiðslustöðvar fyrir bensín og olíu að Ásvöllum 1B, Hafnarfirði. Ný starfsemi.

Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerðar er mælt með samþykkt starfsleyfis til 12 ára með fyrirvara um að starfsemin sé í samræmi við samþykkt notkun lóðar og að lokinni úttekt heilbrigðisfulltrúa.

**1.1.4 Hraungarðar, Reykjanesbraut, Hafnarfirði - geymslusvæði.**

Lögð fram að nýju umsókn Ástvalds Óskarssonar, fh. Geymslusvæðisins ehf., kt. 450791-1219, dags. 8.12.2010, þar sem sótt er um leyfi til reksturs geymslusvæðis að Hraungörðum, Hafnarfirði. Endurnýjun.

Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerðar er mælt með frestun þar sem úrbótum hefur ekki verið lokið.

**1.1.5 Melabraut 17, Hafnarfjörður – íþróttasalur**

Lögð fram umsókn Jóhanns Eyvindssonar f.h. Jiu-Jitsu skóla Íslands, kt. 541100-2020, dags. 11.05.2010, þar sem sótt er um leyfi til reksturs íþróttasalar að Melabraut 17, Hafnarfirði.

Húshluti: efri hæð. Ný starfsemi.

Starfsleyfi samþykkt til eins árs í trausti þess að fullnægt verði kröfum reglugerðar um hollustuhætti varðandi salerni við bað- og búningsaðstöðu.

**1.1.6 Rauðhella 7, Hafnarfjörður – lagersala á matvælum**

Lögð fram umsókn Alfreðs M. Clausen f.h. A. Clausen Import ehf., kt. 601299-7399, dags. 27.12.2010, þar sem sótt er um leyfi til verslunarreksturs /lagersölu á matvælum að Rauðhelli 7, Hafnarfirði. Húshluti: 01 0103. Ný starfsemi.

Í fyrirbyggjandi skilmálum "Hellnahraun – athafnasvæði" er gerð grein fyrir að skipulagssvæðið er innan þynningarsvæðis frá álverinu í Straumsvík. Á skipulagssvæðinu er enn fremur annar iðnaður sem getur haft neikvæð umhverfisáhrif í för með sér og er háður lögum og reglum um mengunarvarnir. Á svæðinu er t.d. ekki gert ráð fyrir búsetu eða landbúnaði af neinu tagi og takmarkanir eru á framleiðslu matvæla.

Lagt fram bréf Matvælastofnunar, dags. 11.01.2011, um túlkun nýrrar löggjafar um matvæli þar sem fram kemur að fara þarf fram sérstök áhættugreining vegna staðsetningarinnar.

Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerðar er tímabundið starfsleyfi til eins árs samþykkt til lagarsölu á matvælum í neytendaumbúðum með fyrirvara um úttekt heilbrigðisfulltrúa.

#### 1.1.7 Öldutún 20, Hafnarfjörður – daggæsla barna í heimahúsi

Lögð fram umsókn Valgerðar Árnadóttur kt. 150980-4619, dags. 16.02.2011, þar sem sótt er um leyfi fyrir daggæslu barna, allt að 10 börn, að Öldutúni 20, Hafnarfirði. Húshluti: neðri hæð. Ný starfsemi

Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerðar er mælt með samþykkt starfsleyfis til 12 ára með fyrirvara um að starfsemin sé í samræmi við samþykkt notkun fasteignar.

### Kópavogur

#### 1.1.8 Hlíðasmári 17, Kópavogur – tannlæknastofa

Lögð fram umsókn Sigríðar Axelsdóttur f.h. Tannlæknastofunnar Sax slf, kt. 670110-0600 dags. 16.02.2011, þar sem sótt er um yfirtöku á starfsleyfi tannlæknastofunnar Sax ehf, kt. 510102-4010 að Hlíðasmára 17, Kópavogi. Yfirtaka starfsleyfis.

Með vísun til ákvæða hollustuhátta- og mengunarvarnareglugerða er erindið samþykkt.

#### 1.1.9 Kópavogsbraut 5-7, Kópavogur - matsalur

Lögð fram umsókn Heiðu B. Hilmisdóttur f.h. Landspítala kt. 500300-2130 dags. 3.2.2011, þar sem sótt er um leyfi til reksturs mótuneytis fyrir starfsmenn Landspítalans að Kópavogsbraut 5-7, Kópavogi. Húshluti: hús 14 (115276) jarðhæð. Ný starfsemi.

Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerða er mælt með samþykkt starfsleyfis til 12 ára.

#### 1.1.10 Kópavogsbraut 5-7, Kópavogur - verk- og tæknibúðir

Lögð fram umsókn Huldu Ólafsdóttur f.h. Mímis - símenntunar kt. 701202-3920 dags. 22.02.2011, þar sem sótt er um leyfi til reksturs verk- og tæknibúða fyrir atvinnuleitendur að Kópavogsbraut 5-7, Kópavogi, samkvæmt teikningum samþykkt. Húshluti: hús 17. Ný starfsemi.

Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerða er mælt með samþykkt starfsleyfis til 12 ára að lokinni úttekt heilbrigðisfulltrúa.

#### 1.1.11 Smáratorgi 3, Kópavogur – sala á tannhvítunarefni

Lögð fram umsókn Aðalbjartar Maríu Sigurðardóttur kt. 030184-2629 f.h. Fallegs Bros, dags. 9.02.2011, þar sem sótt er um leyfi til reksturs stofu til sölu á tannhvítunarefni og að búa til mót fyrir tennur að Smáratorgi 3, Kópavogi.

Húshluti: Sér rými hjá snyrtistofunni Heilsu og fegurð ehf. Ný starfsemi.

Lagt fram afrit af bréfi heilbrigðiseftirlitsins til Umhverfisstofnunar, dags. 22.2.2011, þar sem óskað er leiðbeininga um starfsleyfisskyldu og um hvort og hvaða takmarkanir eru á notkun og dreifingu "tannhvítunarefnis".

Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerða er mælt með samþykkt starfsleyfis með tilliti til húsnæðis og fyrirvara um að fylgt verði ákvæðum snyrtivörureglugerðar.

#### 1.1.12 Smiðjuvegur 68-72, Kópavogur - gistiskáli

Lögð fram umsókn Svavars Guðmundssonar f.h. Blesugrófar ehf., kt. 560605-1100, dags. 27.01.2011, þar sem sótt er um leyfi til reksturs gistiskála að Smiðjuvegi 68-72, Kópavogi. Ný starfsemi

Lagt fram bréf skipulags- og umhverfissviðs Kópavogsbæjar frá 24. febrúar 2011 þar sem fram kemur að skipulags- og byggingdeild Kópavogs telur að starfsemin sé í samræmi við gildandi deiliskulag og innan þeirra marka sem reglur og skipulag sveitarfélagsins segja til um.

Með vísun til ákvæða III. og VII. kafla reglugerðar um hollustuhætti er mælt með útgáfu starfsleyfis til 1 árs til reynslu, þar sem handlaugar eru ekki í herbergjum. Fylgja skal

samræmdum starfsleyfisskilyrðum útgefnum af Umhverfisstofnun, júní 2010, fyrir gistiskála, gististað þar sem boðið er upp á svefnpokagistingu í herbergjum.

#### 1.1.13 Sæbólsbraut 38, Kópavogur – heimagisting

Lögð fram umsókn Sigurlaugar Wafford, kt. 140557 7069, dags. 28.02.2011, þar sem sótt er um leyfi fyrir gistingu í heimahúsi að Sæbólsbraut 38 í Kópavogi.

Með vísun til hollustuháttareglugerðar er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.

### 1.2 Umsagnir

#### Hafnarfjörður

##### 1.2.1 Íþróttahúsið Kaplakrika, Hafnarfjörður, tækifærisleyfi

Lagt fram bréf sýslumannsins í Hafnarfirði dags 22.02.2011, þar sem óskað er umsagnar á umsókn Knúts Bjarnasonar, f.h. Knattspyrnudeildar FH-kvennaráðs kt. 410687-1359, þar sem sótt er um leyfi fyrir konukvöld þann 4.03.2011 í íþróttahúsinu Kaplakrika.

Óskað er eftir leyfi fyrir 270 manns frá kl. 18.00 – 03.00

Jákvæð umsögn veitt fyrir tækifærisleyfi.

#### Kópavogur

##### 1.2.2 Smiðjuvegur 68 - 72, Kópavogur – gistiskáli, byggingaleyfi

Lagt fram erindi byggingarfulltrúans í Kópavogi, dags. 3. febrúar 2011, þar sem óskað er umsagnar um að innréttu húsið Smiðjuveg 68-72, Kópavog, fyrir gistiskála samkvæmt meðfylgjandi teikningum, dags. 27.01.2011. Fram kemur á teikningu 3. hæðar að þar séu 43 einstaklingsherbergi og 5 tveggjamannaherbergi. Þannig að gert er ráð fyrir að þarna geti 53 gestir dvalið.

Eftirfarandi umsögn er veitt:

“Heilbrigðisnefnd telur að húsnæðið uppfylli skilyrði fyrir gististað, gistiskála, þar sem boðið er upp á svefnpokagistingu í herbergjum. Á teikningu kemur fram að sorp verði í gámi norðan við hús. Staðsetning gáms og fyrirkomulag kemur ekki fram.”

##### 1.2.3 Smiðjuvegur 68 - 72, Kópavogur – gistiskáli, rekstrarleyfi

Lagt fram að nýju bréf sýslumannsins í Kópavogi, dags. 27.1.2011, þar sem óskað er umsagnar á umsókn Blesugrófar ehf., kt. 560605 1100, um rekstrarleyfi samkvæmt lögum nr. 85/2007 til reksturs gistiskála í flokki 2, vegna Blesugróf-Icelandguesthouse, að Smiðjuvegi 68-72, Kópavogi. Borist hafa teikningar sem eru til meðferðar hjá byggingarfulltrúa.

Eftirfarandi umsögn er gerð:

“Heilbrigðisnefnd samþykkti þann 28. febrúar 2011 starfsleyfi til eins árs til Blesugrófar ehf. fyrir rekstur gistiskála. Gildistími starfsleyfis er takmarkaður þar sem húsnæðið uppfyllir ekki almenn ákvæði 27. gr. reglugerðar nr. 941/2002, um hollustuhætti, varðandi handlaugar í herbergjum þar sem ekki sér snyrtiherbergi. Í samþykkt heilbrigðisnefndar er vísað er til að um svefnpokapláss gilda framangreind ákvæði eftir því sem við á. Jákvæð umsögn er veitt um rekstrarleyfi til eins árs fyrir gistiskála.

##### 1.2.4 Sæbólsbraut 38, Kópavogur – heimagisting, rekstrarleyfi

Lagt fram erindi sýslumannsins í Kópavogi, dags. 23. febrúar 2011, þar sem óskað er umsagnar um umsókn Sigurlaugar Ó. Wafford, kt. 140557 7069, um leyfi til að reka heimagistingu í séríbúð að Sæbólsbraut 38, Kópavogi.

Eftirfarandi umsögn er gerð:

Heilbrigðisnefnd samþykkti þann 28. febrúar 2011 starfsleyfi fyrir gististað í tengslum við íbúðarhúsnæði að Sæbólsbraut 38, Kópavogi og er veitt jákvæð umsögn um rekstrarleyfi.

### 1.3 Tóbaksleyfi

#### 1.3.1 Búðarkór 1, Kópavogur - Samkaup strax verslun

Lögð fram umsókn Ómars Valdimarssonar, f.h. Samkaupa hf., kt. 571298-3769, dags. 24.02.2011, þar sem sótt er um tóbaksleyfi fyrir verslun í Búðarkór 1, Kópavogi.

Samþykkt að veita umbeðið leyfi en heilbrigðisnefnd vekur athygli á að eftirlit verður aukið vegna kvartana almennt í umdæminu um sölu til unglinga yngri en 18 ára.

Gísli Ó. Valdimarsson vék af fundi við afgreiðslu þessa liðar.

#### **1.4 Annað**

##### **1.4.1 Starfleyfisskilyrði fyrir vélaverkstæði og málmsmiðjur**

Lagt fram erindi Umhverfisstofnunar frá 4. febrúar 2011 þar sem óskað er umsagnar um drög að samræmdum starfsleyfisskilyrðum fyrir vélaverkstæði og málmsmiðjur. Jákvæð umsögn er veitt.

##### **1.4.2 Vífilsbúð, Garðabæ - tímabundið starfsleyfi PS**

Lögð fram umsókn Björns Hilmarssonar f.h Skátafélagsins Vífils kt. 530576-0439, dags. 18.02.2011, þar sem sótt er um tímabundið leyfi fyrir bálkóst við skátaskálann Vífilsbúð, ofan við golfvöll Oddfellow, Garðabæ, þann 22. febrúar frá kl. 18.30  
Tímabundið starfsleyfi skv. ákvæðum mengunarvarnareglugerða staðfest.

##### **1.4.3 Vífilsbúð, Garðabæ – brennuleyfi**

Lagt fram erindi lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu frá 18. febrúar 2011 þar sem óskað er umsagnar um umsókn óskað er umsagnar um erindi Skátafélagsins Vífils kt. 530576-0439, dags. 18.02.2011, þar sem, þar sem sótt er um leyfi fyrir bálkóst við skátaskálann Vífilsbúð, ofan við golfvöll Oddfellow, Garðabæ, þann 22. febrúar frá kl. 18.30.  
Jákvæð umsögn staðfest

##### **1.4.4 Strandgata 50, Hafnarfjörður - íþróttahús, gisting.**

Lögð fram umsókn Hafnafjarðarbæjar, f.h. Hafnafjarðarbæjar., kt. 590169-7579, dags. 23.02.2011, þar sem sótt er um leyfi til fyrir gistaðstöðu fyrir 80-100 manns frá 13. – 22. júní 2011 að Strandgötu 50, Hafnarfirði.  
Húshluti, Íþróttasalur og búningsherbergi.  
Tímabundin starfsemi.  
Samkvæmt aðalskipulagi Hafnarfjarðar, 2005-2025, er starfsemin á miðsvæðis Ho(D II).  
Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerðar er leyfi til gistingar frá 13.06.2011 til 22.06.2011 samþykkt að lokinni úttekt heilbrigðisfulltrúa.

## **2 Vatnsvernd**

Lögð fram fundargerð 88. fundar framkvæmdastjórnar um vatnsvernd á höfuðborgarsvæðinu frá 1. febrúar 2011.

### **2.1 Þríhnjúkagígur**

Lögð fram til kynningar greinargerð VSÓ Ráðgjafar „Aðgengi að Þríhnjúkagíg – Næstu skref – mat á umhverfisáhrifum“ frá desember 2010 og ályktun framkvæmdastjórnarinnar.

### **2.2 Ársskýrsla 2010**

Lögð fram ársskýrsla framkvæmdastjórnar um vatnsvernd fyrir árið 2010.

### **2.3 Lækjarbotnaland – deiliskipulag**

Lögð fram umsögn framkvæmdastjórnar um vatnsvernd sem óskað var eftir á fundi heilbrigðisnefndar þann 31. janúar 2011.  
Sjá nánar lið nr. 3 í fundargerð þessari.

## **3 Skipulagsmál**

Lagt fram að nýju erindi Skipulags- og umhverfissviðs Kópavogs frá 24. janúar 2010 varðandi Lækjarbotnaland 53, Kópavogi. Endurskoðun aðalskipulags og áformuð uppbygging m.a. með tillit til vatnsverndar.

Eftirfarandi umsögn var gerð:

“Í ljósi þess að um stóra framkvæmd er að ræða, allt að 150 manna skóla og leikskóla ásamt starfsmannaíbúðum inni á fjarsvæði B vatnsverndarsvæðis höfuðborgarsvæðisins þarf að skoða framhald skipulagsvinnunnar út frá lausnum við fráveitu.”

#### **4 Meint sala á tóbaki til unglinga**

Lagðar fram niðurstöður úr könnunum forvarnarnefndar Hafnarfjarðar á sölu tóbaks til unglinga. Í könnun sem fram fór þann vori 11. febrúar 2011 voru 20 útsölustaðir kannaðir. Fram kom í könnuninni að tóbakssala til unglings átti sér stað í 2 tilvikum.

#### **5 Stjórnsýslukæra**

Lagt fram erindi Úrskurðarnefndar samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir, dags. 15. febrúar 2011, þar sem óskað er greinargerðar vegna kæru Boðapings ehf. á ákvörðun þess efnis að leita undanþágu f.h. umsækjanda vegna umsóknar Hvamms ehf. um endurnýjun starfsleyfis til reksturs eggja- og kjúklingaframleiðslu að Elliðahvammum í Kópavogi. Framkvæmdastjóra falið að senda úrskurðanefndinni greinargerð.

#### **6 Önnur mál**

##### **6.1 Hundaskóli - viðurkenning**

Lögð fram umsókn Jóhönnu S. R. Ragnarsdóttur, febrúar 2011, þar sem sótt er um viðurkenningu á grunnnámskeiði í hundauppeldi. Samþykkt með fyrirvara um samráð við önnur eftirlitssvæði á höfuðborgarsvæðinu.

##### **6.2 Sjósund í Fossvogi**

Lagt fram til kynningar afrit af erindi frá stjórn Sjósunds og sjóbaðsfélags Reykjavíkur (febrúar 2011) varðandi gæði sjávar í Nauthólsvík og Fossvogi

##### **6.3 Skerjafjörður og vogar - vöktun á gæðum sjávar**

Heilbrigðisnefnd vekur athygli á að, samkvæmt ákvæðum reglugerðar um fráveitur og skólþ, nr. 798/1999, skal skila upplýsingum þ.m.t. um gerlamengun við strendur annað hvert ár. Næsta stöðuskýrsla verður unnin í byrjun árs 2012 úr gögnum sem aflað er árið 2011. Heilbrigðisnefnd telur ástæðu til að vakta gerlamengun við strendur og óskar eftir tillögum um skil á umræddum gögnum frá rekstaraðilum fráveitu.

##### **6.4 Félagsfundur Samtaka heilbrigðiseftirlitssvæða á Íslandi**

Lögð fram fundargerð félagsfundar Samtaka heilbrigðiseftirlitssvæða á Íslandi þann 9. febrúar 2011.

##### **6.5 Framboð gistirýmis og starfsleyfismál**

Lögð fram fréttatilkynning Samtaka aðila í ferðaþjónustu (SAF) um framboð gistirýmis á höfuðborgarsvæðinu og starfsleyfismál. Samkvæmt niðurstöðum samtakanna eru 73% íbúða og 18% gistiheimila rekin án leyfa.

##### **6.6 Mælingar á díoxínnum**

Lagt fram til kynningar erindi Umhverfisstofnunar frá 18. febrúar 2011 um vinnu við áætlun um sýnatöku af jarðvegi/sjávarseti og mælingar á díoxínnum.

##### **6.7 Eftirlitsstofnun EFTA**

Lögð fram dagsskrá fyrir eftirliti Eftirlitsstofnunar EFTA með matvælaeftirliti á Íslandi 28. febrúar til 4. mars 2011.

### **6.8 Endurnýjun á kjarasamningsumboði**

Samþykkt að fela Sambandi íslenskra sveitarfélaga áframhaldandi umboð til kjarasamningsgerðar.

### **6.9 Umsjón með lækjum í Garðabæ**

Jón Bjarni Þorsteinsson gerði grein fyrir vöktun sem grunnskólar og nemendur í Garðabæ hafa tekið upp.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 18:50

Guðmundur Sigurðsson

Margrét Halldórsdóttir

Jón Bjarni Þorsteinsson

Gísli Ó. Valdimarsson

Sunna Björg Helgadóttir

Gísli Gíslason

Steingrímur Steingrímsson